

Stjórnarfundur FHB

haldinn í Bændahöllinni 11.12.12. kl. 15.

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari, Ólafur Einarsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

Kristinn setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fyrsta mál á dagskrá var að **stjórn skipti með sér** verkum aftir aðalfund og var ákveðið að verkaskipting yrði óbreytt.

Næst var **farið yfir allar tillögur og ályktanir frá aðalfundi** og þeim vísað til frekari úrvinnslu hjá þeim aðilum er málið varðar. Flestum tillögum var beint til fagráðs í hrossarækt og mun Hulda sjá um að koma þeim á ritara fagráðs.

Rætt var um **stöðu rannsókna á sumarexemi**, en unnið er að frekari fjárveitingu. Ekkert nýtt hefur heyrst af þeim málum og bíður stjórn frekari fréttu. Vonast er til að ríkisvaldið komi þar að og tryggji að þessar mikilvægu rannsóknir geti haldið áfram.

Einnig ræddu stjórnarmenn um hugsanlegar leiðir til að stofna Vísindasjóð íslenska hestsins, en nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til rannsókna í framtíðinni þar sem verkefnin eru fjölmörg og nauðsynleg.

Farið yfir tillögu frá aðalfundi þar sem kveðið er á um **skipun starfsnefndar** til að skoða framkvæmd kynbótasýninga og túlkun dómskalans með það fyrir augum að lágmarka slysa- og áverkahættu. Ákveðið að biðja eftirtalda aðila að taka sæti í nefndinni sem Sigbjörn Björnsson mun leiða:

Bjarni Jónasson
Vignir Sigurólason
Sigurður Sigurðarson
Anna Valdimarsdóttir
Þorvaldur Árni Þorvaldsson
Svanhildur Hall
Viðar Steinarsson

Huldu falið að rita bréf til þessa fólks og festa fyrsta fund í janúar.

Farið var yfir **frumvarp til búnaðarlaga**.

Félaginu hefur borist **bréf frá nokkrum meðlimum Vesturlandsdeildar FHB** þar sem kemur fram að ekki hefur verið haldin aðalfundur eða kjörin lögleg stjórn í nokkur ár. Félagarnir óska aðkomu FHB að málinu með von um að endurvekja starfsemi deildarinnar. Huldu falið að leita til lögfræðings BÍ með málið.

Samþykktir FHB yfirfarnar og ákveðið að endurskoða þurfi löggin fyrir næsta aðalfund. Huldu falið að leita til allra aðildarféлага eftir þeirra samþykktum svo öll gögn liggi fyrir í þessari vinnu.

Markaðs- og kynningarverkefni 2013:

Rætt um **Hestatorgið og HM í Berlín**, Hulda er í samskiptum við Íslandsstofu og aðra þátttakendur í Hestatorgsverkefninu, en stefnt er að því að Hestatorgið verði sett upp á HM.

Endurprenta þarf bæklinga félagsins, bæði þá stóru og þá litlu og æskilegt væri að skoða frekari útgáfur á rafrænu formi, þ.e. fleiri tungumál sbr. frönskuna eins og gert var í fyrra.

Þá er kominn tími á að **uppfæra Ræktunarmarkmiðsdiskinn** – 9,5-10,0 hrossin. Sigbjörn hefur verið að skoða það efni og mun vinna það áfram í samvinnu við skrifstofu FHB. Leita þarf tilboða í klippingu og frágang.

Síðust á dagskrá var **árleg fundarferð formanns** og hrossaræktarráðunauts. Stjórnarmenn voru sammála um að fundarferðirnar væru nauðsynlegur þáttur í samskiptum við grasrótina og vildu allir að þeim yrði haldið áfram. Formaður mun því skipuleggja ferð í febrúar og mars að venju.

Önnur mál. Engin mál komu fram undir þessum lið og var fundi því slitið kl. 18:30.

HGG/hgg